

Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Lagt er til að samþykkt verði að stofna starfshóp sem samanstendur af fagfólki í loftlagsmálum og símenntun svo og starfandi kennurum og ungmennum sem setur upp símenntunaráætlun fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur varðandi loftlagsmál með það markmið að auka og gera loftlagsmálum og loftlagsvá betri skil í kennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Í hópnum skulu m.a. eiga sæti fulltrúar skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar en lagt er til að fræðsla verði hafin á skólaárinu 2021-2022. Samhliða þessu skal farið í símenntunaráttak í loftlagsmálum fyrir starfsfólk leikskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva auk alls starfsfólks mötuneyta í skóla- og frístundastarfi.